

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/924

komudagur 3.2.2004

Til menntamálanefndar Alþingis

Erindi varðandi LÍN /

Sendandi : Baldur Andrésson,arkitekt, s:5533525

Sbr. ma. Þingmál nr.314, lánshæfni EES borgara

Form. hr. alþm.Gunnar Birgisson

R.28.1.2004

Bið um að fært sé í tal á vettvangi nefndarinnar brýna lagfæringu á lögum um LÍN, ákvæðum sem snúa að rétti landsmanna án ríkisborgararéttar að njóta lánshæfni hjá sjóðnum.

Frumvarp hefur þegar verið lagt fram af fyrrv.menntamálaráðherra til úrbóta að því leyti.Það snýr þó eingöngu að "**EES-borgurum**" og virðist því einkum ætlað að uppfylla lágmarkskröfur sem tengjast samningum við EES um fólk tengt því svæði heimsins. Þar er **ekki** horft til Íslandsmanna,sem flokkast ekki til EES borgara en hafa af ýmsum góðum ástæðum fest rætur á Íslandi.

Ég vil að nefndin beini sjónum að því fólki,sem hefur komið víðs vegar að úr heiminum,hefur fest búsetu á Íslandi um árabíl og tekið virkan þátt í þróun íslensks samfélags,en nýtur þó ekki ríkisborgararéttar hérlandis. Þar á ég við fólk með búsetuleyfi sbr. útlendingalög,ekki síst Íslandsmenn með rætur utan EES. Í sem næst öllum tilvikum eiga slíkir einstaklingar enga fræðilega von um fjárhagsstuðning frá upprunalandi af mjög alkunnum ástæðum.

Allar husanlegar umsóknir um námslán til LÍN frá fólki í ofanlýstri stöðu eru á þeim vettvangi tafarlaust **fordæmdar** og **hafnað** með tilvísunar til laga um LÍN- absalútt **bann** er við því að veita manni námslán eigi hann uppruna utan EES og sé hann án ríkisborgararéttar á Íslandi-hverjir sem málavextir annars eru!- Slík fortakslaus útilokun virðist afar ósamngjörn og annarleg. Lagaviðhorfið er óviðunandi.

Í hygg að hvergi í löggjöf Evrópulanda finnist jafn ótvíræð andstaða við að styrkja íbúa lands af erlendum uppruna til náms og á Íslandi. Ísland hefur því skapað sér **sérstöðu** með óviðkunnanlegum hætti.Óhugsandi væri að íslenska lagaviðhorfið gæti gilt í þeim samjöfnunarlöndum okkar,enda væri það þar talin **óþolandi mismunun**.

Í Svíþjóð öðlast lögmatir dvalarleyfishafar almennt fullan rétt til námslána/námsstyrkja til náms í landinu eftir **tveggja ára búsetu**, nema þeir sem í upphafi fengu bundið dvaraleyfi sem námsmenn einvörðungu. **Upprunaland** búsetuleyfshafans skiptir þá engu máli.Svipuð lagaviðhorf skilst mér að séu algeng í flestum Evrópulöndum.

Ég brýni fyrir nefndinni að hafa í huga a.m.k.hagsmuni þeirra Íslandsmanna,sem hafa óbundið búsetuleyfi hérlandis eftir **þriggja ára** dvöl og aðlögun í landinu,sbr.útlendingalög. Sjálfsagt er að virða umsóknir þeirra til jafns við umsóknir íslenskra ríkisborgara,a.m.k. ætli umsækjendur sér nám við íslenskar menntastofnanir. Þröngsýni er að vanvirða menntunarþarfir slíkra einstaklinga og slíkt er í andstöðu við hagsmuni íslensks samfélags í bráð og lengd. Svo mikið er víst !

Gráupplagt er að endurbæta fyrst nefnt frumvarp fyrrum menntamálaráðherra með **viðbótarákvæðum** sem snerta umsækjendur í stöðu **búsetuleyfshafa á Íslandi**,til að bæta kosti þeirra frá því sem nú er.

Vonandi sér nefndin sér fært að ræða og móta tillögu í þá veru.

Virðingarfyllst: Baldur Andrésson